



FLJÓTSDALSHÉRAÐ

Fjárhagsáætlun

**2014
og
2015 – 2017**

Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs

**Fyrri umræða
6. nóvember 2013**

**Seinni umræða
20. nóvember 2013**

**Fljótsdalshérað
Lyngási 12
700 Egilsstaðir**

Kt. 481004-3220

Fjárhagsáætlun 2014 – 2017

Tillaga að fjárhagsáætlun ársins 2014 – 2017 var samþykkt á fundi bæjarráðs Fljótsdalshéraðs þann 23. október 2013 og er til fyrri umræðu í bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs þann 6. nóvember.

Vinna við gerð fjárhagsáætlunar hófst síðastliðið vor með því að starfsnefndir sveitarfélagsins settu fram drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2014. Í framhaldi af þeirri vinnu samþykkti bæjarstjórn rammaáætlun fyrir árið 2014 og er sú vinna grunnur af þeirri áætlun sem er hér til umfjöllunar. Starfsmönnum og nefndarfólki sveitarfélagsins er hér með þakkað þeirra framlag við fjárhagsáætlunarvinnuna.

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum skal fjárhagsáætlun vera tilbúin eigi síðar en 1. nóvember til fyrri umræðu í sveitarstjórn og skal samþykkt eigi síðar en 15. desember.

Þriggja ára áætlun er hluti af þeirri áætlun sem hér er lögð fram.

Fjárhagsáætlun Fljótsdalshéraðs hefur undanfarin ár markast af þeirri miklu uppbyggingu sem fjárfest var í á síðustu 10 árum en slík fjárfesting á skömmum tíma kallaði á lántökur en grundvöllur þeirra fjárfestinga var að skapa rými fyrir fjölgun íbúa í sveitarfélaginu með kaupum á landi og uppbyggingu íbúðahverfa. Ennfremur var farið í fjárfestingar til að bæta aðstöðu og þjónustu af hálfu sveitarfélagsins með byggingu á leikskóla, byggingu á nýju skólahúsnæði og bættri íþróttaaðstöðu. Í þeirri fjárhagsáætlun sem hér er til umfjöllunar kemur berlega í ljós að reksturinn er traustur, framlegð rekstar góð og sveitarfélagið hefur fulla getu til að greiða niður sínar skuldir innan þess ramma sem til er ætlast skv sveitarstjórnarlögum, þrátt fyrir að hafin sé bygging á nýju hjúkrunarheimili sem mun kosta upp 1,5 ma. kr.

Fjármál sveitarfélagsins eru reglulega til umfjöllunar í bæjarráði og bæjarstjórn. Rekstur sveitarfélagsins byggir nú á traustum grunni og þær hagræðingaraðgerðir sam farið var í á sínum tíma hafa skilað árangri án þess þó að skerða lögbundina grunnþjónustu.

Fljótsdalshérað er í reglulegum samskiptum við eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga í ljósi þungrar fjárhagsstöðu sveitarfélagsins. Þessi samskipti hafa verið í formi reglulegrar upplýsingargjafar

Helstu viðmið fjárhagsáætlunar Fljótsdalshéraðs eru:

- Jafnvægi skal vera á milli samanlagðra rekstartekna og gjalda A- og B-hluta á hverju þriggja ára tímabili.
 - Samkvæmt fjárhagsáætlun Fljótsdalshéraðs fyrir árið 2014 verður afgangur af rekstri bæði A- og B- hluta á árinu.
- Framlegð rekstrar (niðurstaða fyrir afskriftir og fjármagnsliði) skal vera á bilinu 15 – 20%.
 - Samkvæmt fjárhagsáætlun Fljótsdalshéraðs fyrir árið 2014 verður framlegðarhlutfall A-hluta 17,5% og í samstæðu A og B hluta 22,5%.

- Veltufé frá rekstri A- og B-hluta nemi ekki lægri fjárhæð en sem nemur afborgunum og vöxtum af langtímalánum.
 - Samkvæmt fjárhagsáætlun Fljótshéraðs fyrir árið 2014 mun veltufé frá rekstri nema 562 millj. kr. en afborganir af skuldbindingum verða um 412 millj. kr. í samstæðu A og B hluta. Í A hluta nemur veltufé frá rekstri um 362 millj. kr. en greiðslur vegna skuldbindinga nema um 312 millj. kr.
- Skuldir og skuldbindingar samstæðu (A- og B-hluta) fari ekki yfir 250% af heildartekjum.
 - Samkvæmt fjárhagsáætlun Fljótshéraðs fyrir árið 2014 verður skuldaviðmið samstæðu A og B hluta skv reglugerð 221%. Hjá A hluta verður skuldaviðmið 170% í árslok 2014. Skuldahlutfall A-hluta verður 174% og samstæðu A og B hluta um 253% í árslok 2014.
 - Árið 2017 verður skuldaviðmið A hluta um 138% og í samstæðu A og B hluta er áætlað að skuldahlutfallið nemi um 177%. Skuldahlutfall A hluta verður 141% og skuldahlutfall samstæðu A og B hluta verður 203% í árslok 2017.
- Skuldaviðmið samstæðu A og B hluta mun árið 2021 fara niður fyrir 150% skv langtímaáætlun. Áætlað er að skuldaviðmið A hluta fari niður fyrir 150% árið 2016.

Mikilvægt er að framagreind viðmið verði tekin alvarlega og hefur því verið lögð mikil áhersla á það við vinnu fjárhagsáætlunar 2014 að hún yrði löguð að þeim. Slík aðlögun er liður í því að laga rekstur sveitarfélagsins að breyttum aðstæðum, treysta enn frekar fjárhag þess og gera það betur í stakk búið til að mæta þörfum íbúa í nánustu framtíð.

Í forsendum áætlunar er gert ráð fyrir að fjölgun íbúa í sveitarfélaginu nemi um 100 manns frá árinu 2013 til ársloka 2017.

Íbúapróun:	2013	2014	2015	2016	2017
Fjöldi í árslok	3.468	3.493	3.518	3.543	3.568
Breyting ársins		0,7%	0,7%	0,7%	0,7%

Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar 2014-2017

Samkvæmt fyrirliggjandi fjárhagsáætlun fyrir árið 2014 er gert ráð fyrir 100 millj. kr. rekstarafgangi í samstæðureikningi A- og B hluta sveitarfélagsins. Þar af er gert ráð fyrir að afkoma verði jákvæð um 50 millj. kr. í A-hluta sem er hinn eiginlegi sveitarsjóður en það eru Aðalsjóður og Eignasjóður ásamt Fasteignafélagi Fljótshéraðs ehf og Atvinnumálasjóði. B-hluti samstæðureiknings eru þau fyrirtæki sem eru að meirihluta eða að fullu í eigu Fljótshéraðs og þjónustutekjur standa alfarið undir rekstarútgjöldum. Þau eru Félagslegar íbúðir, HEF ehf, Brunavarnir á Héraði, Minjasafn Austurlands, Dvalarheimili aldraðra og Hjúkrunarheimili aldraðra.

Áætluð rekstarniðurstaða miðast við 3% verðbólgu á árinu 2014. Í útkomuspá fyrir árið 2013 er gert ráð fyrir jákvæðri rekstarafkomu.

Rekstur án fjármagnsliða (A og B hluti)	Útkomuspá	Áætlun	2015	2016	2017
	2013	2014			
Heildartekjur	3.271.023	3.413.726	3.615.270	3.734.962	3.867.418
Launakostnaður	-1.508.998	-1.571.372	-1.617.533	-1.666.047	-1.716.017
Annar rekstarkostnaður	-991.364	-1.073.947	-1.109.893	-1.132.251	-1.185.535
Framlegð (án afskrifta og fjármagnsliða)	770.661	768.407	887.844	936.664	965.866
Rekstarniðurstaða (A og B hluti)	56.695	100.083	111.849	181.814	224.688

Rekstur án fjármagnsliða (A hluti)	Útkomuspá	Áætlun	2015	2016	2017
	2013	2014			
Heildartekjur	2.932.588	3.054.376	3.160.080	3.268.641	3.387.988
Launakostnaður	-1.448.354	-1.509.301	-1.553.578	-1.600.185	-1.648.190
Annar rekstarkostnaður	-936.995	-1.012.179	-1.044.509	-1.065.796	-1.116.253
Framlegð (án afskrifta og fjármagnsliða)	547.239	532.896	561.993	602.660	1.623.545
Rekstarniðurstaða (A hluti)	10.121	50.101	102.840	159.926	195.217

Veltufé frá rekstri á árinu 2014 í samstæðunni nemur um 563 millj. kr. en þar af eru 362 áætlaðar hjá A hluta. Framlegð nemur um 779 millj. í samstæðu A og B hluta eða 22,5% af rekstartekjum. Þar af nemur framlegð í rekstri A hlutans um 533 millj. kr. eða 17,5% af rekstartekjum.

Veltufé frá rekstri	Útkomuspá	Áætlun	2015	2016	2017
	2013	2014			
A og B hluti	546.699	562.634	589.369	657.420	698.389
A hluti	375.339	361.696	383.260	440.441	472.438

Framlegðarhlutfall	Útkomuspá	Áætlun	2015	2016	2017
	2013	2014			
Heildartekjur A og B hluta	3.271.023	3.413.726	3.615.270	3.734.962	3.867.418
Rekstargjöld án afskrifta og fjármagnsl.	2.500.362	2.645.319	2.727.426	2.798.298	2.901.552
Framlegðarhlutfall A og B hluta	23,56%	22,51%	24,56%	25,08%	24,97%

Á árunum 2014 til 2017 er áætlað að verja 1.814 millj. kr. til fjárfestinga þar af er 1. milljarður. kr. til byggingar á nýju hjúkrunarheimili. Í nýsamþykktum sveitarstjórnarlögum er kveðið á um að áður en sveitarstjórn taki ákvörðun um fjárfestingu, framkvæmd eða aðra skuldbindingu sem nemur hærrí fjárhæð en 20% af skatttekjum sveitarfélagsins fyrir yfirstandandi reikningsár, er skylt að gera sérstakt mat á áhrifum hennar á fjárhag sveitarfélagsins. Mat skal framkvæmt af sérfróðum aðila sem ekki er tengdur sveitarfélaginu. Bygging hjúkrunarheimilis mun því falla undir þetta ákvæði og hefur þegar verið unnið sérfræðiálit af Deloitte og lagt fyrir Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga.

Fjárfestingar Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf. eru á tímabilinu áætlaðar um 430 millj. kr. og í Eignasjóði eru fjárfestingar árin 2014-2017 áætlaðar um 325 millj. kr.

Fjárfestingar:	Útkomuspá	Áætlun	2015	2016	2017
	2013	2014			
Eignasjóður	50.000	70.000	80.000	85.000	90.000
Fasteignafélag Fljótsdalshéraðs	23.000				
Brunavarnir á Héraði	1.260	3.335	3.554	1.482	1.352
Mínjasafn Austurlands		6.456			
Dvalarheimili aldraðra	175.000				
HEF	143.000	117.500	106.200	68.400	137.700
Hjúkrunarheimili	363.000	1.043.517	0		
Fjárfestingar samtals	755.260	1.240.808	189.754	154.882	229.052

Í samræmi við samning sem gerður var á árinu 2006 um uppbyggingu Vísindagarðsins ehf skal Fljótsdalshérað greiða inn hlutafé að fjárhæð 125 millj. kr. á 10 árum. Greitt hlutafé nemur nú um 30 millj. kr. Á árinu 2013 er gert ráð fyrir 20 millj. kr. framlagi og 10 millj. kr. framlagi á árinu 2014.

Eignahlutir í félögum	Útkomuspá	Áætlun	2015	2016	2017
	2013	2014			
Vísindagarðurinn og tengd verkefni	20.000	10.000	10.000	10.000	50.000
Nýtt hlutafé Barri	5.000				
Sala hlutabréfa Ásgarður	-26.400				
Breytingar á eignahlutum í félögum samtals	-1.400	10.000	10.000	10.000	50.000

Í forsendum lánaflans er notast við sömu forsendur og ríkið í fjárlagafrumvarpinu eða 3,0% verðbólgu innan ársins 2014. Ennfremur er gert er ráð fyrir sömu forsendum verðlagsbreytinga og ríkið fyrir árin 2015-2017.

Verðlagsþróun:	2013	2014	2015	2016	2017
Vísitala neysluverðs	3,9%	3,0%	2,5%	2,5%	2,5%

Fjármagnsliðir eru áætlaðir um 397 millj. kr. í samstæðu A og B hluta á árinu 2014 og þar af nema reiknuð áhrif verðlagsbreytinga um 176 millj. kr og fjárhæð greiddra vaxta nemur því um 221 millj. kr. Fjármagnsliðir í A hluta eru áætlaðir 309 millj. kr. en þar af eru 123 millj. kr. verðbætur á lán og 186 millj. kr. í greidda vexti.

Fjármagnsliðir	Útkomuspá	Áætlun	2015	2016	2017
	2013	2014			
A hluti	-366.181	-309.298	-283.181	-264.099	-246.907
A og B hluti	-453.766	-397.177	-461.394	-434.726	-415.479

Lántökur á árunum 2014 til 2017 eru áætlaðar um 1.525 millj. kr. en þar vegur mest 1.000 millj. kr. fjármögnum á nýju hjúkrunarheimili sem áætlað er að verði tekið í notkun árið 2015. En á móti koma árlegar leigutekjur frá ríkissjóði skv. samningi þar um og ætlað er að mæta 85% af byggingarkostnaði.

Lántökur	2013	2014	2015	2016	2017
Eignasjóður	0	50.000	50.000	50.000	50.000
Fasteignafélag Fljótsdalshéraðs	23.000				
Hjúkrunarheimili	500.000	1.000.000	0		
Dvalarheimili aldraðra	48.250	114.750			
HEF ehf	100.000	90.000	40.000	0	80.000
Lántökur samtals	671.250	1.254.750	90.000	50.000	130.000

Afborganir lána eru áætlaðar að nemi um 412 millj. kr. á árinu 2014 í samstæðunni, þar af 313 millj. hjá A hlutanum.

Afborganir lána	Útkomuspá		Áætlun			
	2013	2014	2015	2016	2017	
Eignasjóður	308.379	309.758	321.738	334.101	342.214	A-hluti
Fasteignafélag Fljótsdalshéraðs		2.875	2.875	2.875	2.875	A-hluti
Félagslegar íbúðir	9.220	9.656	10.065	10.127	10.418	B-hluti
Hjúkrunarheimili	0	0	58.653	61.922	65.374	B-hluti
Dvalarheimili aldraðra		1.739	1.812	1.934	2.065	B-hluti
HEF ehf	77.200	87.793	94.460	98.706	100.357	B-hluti
Afborganir lána samtals	394.799	411.821	489.603	509.665	523.303	

Heildarskuldir og skuldbindingar eru áætlaðar um 8.641 millj. kr. í árslok 2014 hjá samstæðu A og B hluta. Þar af nema skuldir og skuldbindingar A hluta um 5.327 millj. kr.

Skuldir og skuldbindingar í hlutfalli af tekjum	2013	2014	2015	2016	2017
Heildartekjur A og B hluta	3.271.023	3.413.726	3.615.270	3.734.962	3.867.418
Skuldir og skuldbindingar A og B hluta	7.730.087	8.641.451	8.407.222	8.107.248	7.868.980
Skuldahlutfall A og B hluta	236,32%	253,14%	232,55%	217,06%	203,47%
Skuldaviðmið skv reglugerð	231,60%	220,60%	202,40%	188,40%	176,40%

Skuldaviðmið samstæðu A og B hluta er í árslok 2014 221% en í A hluta nemur það 170%. Skuldaviðmið samstæðu A og B hluta mun árið 2021 fara niður fyrir 150% skv langtímaáætlun. Áætlað er að skuldaviðmið A hluta fari niður fyrir 150% árið 2016.

Skv. sveitarstjórnarlögum skulu skuldir og skuldbindingar í hlutfalli af tekjum ekki vera hærrí en 150% og þau sveitarfélög sem eru nú fyrir ofan það hlutfall skulu í samráði við eftirlitsnefnd um fjármál leggja fram áætlun um hvernig markinu skuli náð á næstu 10 árum. Hefur sú áætlun þegar verið lögð fyrir Eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga.

Skuldir og skuldbindingar í hlutfalli af tekjum	Útkomuspá		Áætlun		
	2013	2014	2015	2016	2017
Heildartekjur A hluta	2.932.588	3.054.376	3.160.080	3.268.641	3.387.988
Skuldir og skuldbindingar A hluta	5.462.270	5.326.733	5.155.335	4.966.822	4.766.791
Skuldahlutfall A hluta	186,26%	174,40%	163,14%	151,95%	140,70%
Skuldaviðmið skv reglugerð	180,90%	169,70%	159,10%	148,50%	137,70%

Næmnisgreining vegna verðbólgu	Áhrif á rekstur	Áhrif á Skuldbindingar	Skuldahlutf	Skuldaviðm
Verðbreytingar				
1%	59.789	55.743	250,2%	217,2%
2%	119.036	111.595	251,9%	218,9%
3%	178.825	167.470	253,5%	220,5%
4%	238.615	223.346	255,1%	222,2%
5%	298.404	279.314	256,8%	223,9%
6%	358.194	336.637	258,4%	225,6%
Grunnur m.v. 0% verðbólgu	279.133	8.485.930	245,6%	212,3%

Forsendur:

Skatttekjur:

Skatttekjur samanstanda af útsvari, fasteignasköttum og lóðaleigu. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2014 er gert ráð fyrir að þær nemi 2.544 m. kr. samanborið við 2.420 á árinu 2013. Hækkun skatttekna á milli ára nemur því um 5,1%.

Útsvar:

Útsvarshlutfall breytist ekki á milli ára og eru heimildir áfram fullnýttar til að standa undir rekstri og afborgunum lána í A hluta. Álagning útsvars á árinu 2014 verður því 14,48%. Áætlaðar útsvarstekjur á árinu 2014 að nema um 1.419 millj. kr., á móti 1.344 millj. kr. á árinu 2013. Vegna áhrifa nýrra kjarasamninga munu útsvarstekjur hækka um 5,6% á árinu 2014 miðað við útkomuspá ársins 2013.

Atvinnuástand hefur verið gott í sveitarfélaginu undanfarin misseri, atvinnuleysi lítið á landsmælikvarða en í lok september 2013 voru 26 einstaklingar skráðir atvinnulausir á Fljótsdalshéraði þar af 20 komur. Stór verkfni eru þegar hafin s.s. bygging hjúkrunarheimilis og hótélbyggingar. Vöxtur er í ferðaþjónustu og verslun virðist standa traustum fótum. Jarðverktakar eru í föstum verkefnum hér í fjórðungnum og skógræktariðnaður er vaxandi. Með vaxandi umsvifum vex atvinnuþáttaka þ.e. vinnutími lengist sem hefur bein áhrif á tekjur sveitarfélagsins.

Fasteignaskattar:

Fasteignaskattar munu vegna hækkunar á fasteignamati verða um 5,4% hærrí á árinu 2014 miðað við 2013 og er þá ekki gert ráð fyrir breytingu á álagningarhlutföllum. Álagningarhlutföll eru eftirfarandi:

- Álagningarhlutfall fasteignaskatts á íbúðarhúsnæði 0,45%, eða 145 millj. kr
- Álagningarhlutfall fasteignaskatts á atvinnuhúsnæði 1,65%, eða 96 millj. kr.
- Álagningarhlutfall fasteignaskatts á opinbert húsnæði 1,32%, eða 35 millj. kr.

Afsláttur til eldri borgara og öryrkja er áætlaður 530 þús. kr.

Ekki er í framlagðri áætlun gert ráð fyrir auknum fasteignaskattstekjum vegna vatnsréttinda Kárahnjúkavirkjunar þrátt fyrir að fyrir liggji úrskurður Innanríkisráðuneytis frá því í febrúar 2012 á þá leið að Þjóðskrá Íslands beri að meta vatnsréttindin til fasteignamats og þar með álagningarstofns. Það mál er nú á leið fyrir dómstóla

Jöfnunarsjóður:

Tekjur sveitarfélagsins af framlögum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eru á þessum árstíma nokkuð óræð tala þar sem áætlun sjóðsins liggur ekki fyrir. Áætlað er að framlög Jöfnunarsjóðs muni nema um 849 millj. á árinu 2014 og sundurliðast á eftirfarandi hátt:

- Útgjaldajöfnunarframlag 260 millj. kr.
- Málefni fatlaðra 239 millj. kr.
- Almenn rekstrarframlag grunnsk 205 millj. kr.
- Framlag vegna fasteignaskatts 109 millj. kr.
- Framlag vegna húsaleigubóta 20 millj. kr.
- Framlag vegna sérþarfa 14 millj. kr.
- Framlag v. Nýbúa 2 millj. kr.

Lóðaleiga:

Áætlaðar tekjur af lóðaleigu nema 25 millj. kr. sem er 10,7% hækkun á milli ára vegna hækkunar á lóðamati. Ekki er gert ráð fyrir breytingu á álagningarhlutföllum frá árinu 2013 en þau eru eftirfarandi:

- Lóðaleiga A (gjaldstofn A) 0,75% af lóðamati 19 millj. kr.
- Lóðaleiga atvinnuhúsnæði 0,75% af lóðamati 4,5 millj. kr.
- Lóðaleiga leiguland 4% af lóðamati 2 millj. kr.

Aðrar fasteignatengdar tekjur:

Holræsagjöld aukast á milli ára vegna breytinga á fasteignamati. Álagningarhlutfall er 0,32% af fasteignamati húss og lóðar. Áætlaðar tekjur nema 95 millj. kr. á árinu 2014 samanborið við 88 millj. kr. á árinu 2013 eða 6,38% hækkun.

Vatnsgjald nemur 235 kr. á hvern fermeter húsnæðis auk 7.700 kr. fastagjalds. Áætlaðar tekjur nema 72,2 millj. kr. á árinu 2014. Miðað við óbreytta gjaldskrá er hækkun tekna á milli ára óveruleg.

Sorphreinsunar- og sorpeyðingargjöld eru ætluð 33,4 millj. kr. Hækkun tekna á milli ára nemur um 1,2 millj. kr. sem þýðir 2,1% hækkun gjaldskrár.

- Fullt sorpgjald/förgunargjald 23.000 kr Var 2013 22.440 kr.
- Sumarhús (30%) 6.900 kr. Var 2013 6.732 kr.
- Sumarhús með sumarhirðu 11.500 kr Var 2013 11.220 kr.

Aðrar tekjur:

Aðrar rekstartekjur standa nokkuð í stað miðað við útkomuspá 2013 enda ekki almennt gert ráð fyrir gjaldskrárhækkunum á árinu 2014 á það sérstaklega við um stofnanir og þjónustu veitta á sviði félagsþjónustu, fræðslumála og menningar- og íþróttamála. Með þessu er verið að koma til móts við barnafjölskyldur, eldri borgara og ungt fólk. Hinsvegar munu gjaldskrár móttökustöðvar sorps og byggingarleyfa og gatnagerðargjalda taka breytingum miðað við þróun verðlags. Milli áranna 2014 og 2015 verður töluverð hækkun annarra tekna vegna inngreiðslna ríkisins á móti fjárfestingu í hjúkrunarheimil. Er þar um að ræða leigugreiðslur til 40 ára sem er 85% framlag ríkisins í byggingarkostnaði húsnæðisins.

Laun og launatengd gjöld:

Launaáætlun er í flestum tilfellum unnin af forstöðumönnum og deildarstjórum og byggist gildandi kjarasamningum, fjölda stöðugilda og fjölda yfirvinnutíma. Fyrirséð er að nýjir kjarasamningar verða gerðir fljótlega á árinu 2014. Í flestum tilvikum er haft það viðmið að launakostnaður hækki um 4% á milli ára. Launakostnaður er áætlaður að nemi 1.571 millj. kr. á árinu 2014 í samstæðu A og B hluta þar af 1.509 í A hluta. Hækkun á milli ára er 4,1% eða 62 millj. kr. hjá samstæðunni. Hluti launakostnaðar eru áætlaðar hækkanir vegna lífeyrisskuldbindingar sveitarfélagsins og nemur sú fjárhæð um 27 millj. kr.

Annar rekstarkostnaður:

Annar rekstarkostnaður án afskrifta nemur um 1.074 millj. kr á árinu 2014 í samstæðu A og B hluta. Þar af 1.012 millj. kr. hjá A hluta. Hækkun nemur 8,2% eða 82 millj. kr. Þar vegur þyngst hækkun á framlagi til viðhalds gatnakerfis um 15 millj. kr og um 10 millj. kr. hækkun framlaga til viðhalds og fjárfestinga í safnahúsi. Án þessara tiltekna viðbótarframlaga nemur almenn hækkun á öðrum rekstarkostnaði um 5,7%. Það er því verið að auka fjárheimildir á öðrum rekstarkostnaði umfram verbólgu eða sem nemur 28 millj. kr.

Fjármagnsliðir:

Í forsendum fjárhagsáætlunar er stuðst við verðlagsspá Seðlabanka Íslands og er verðbólga áætluð 3% á árinu 2014. En á árunum 2015-2017 er miðað við 2,5% verðbólgu á ári. Greiddir vextir miðast við þá lánasamninga sem þegar hafa verið gerðir. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á gengi íslensku krónunnar á tímabilinu.

Fjárfestingar:

Í áætlun um fjárfestingar er langstærsta verkefnið bygging á nýju hjúkrunarheimili. Ráðgert er að verja til þess um 1.043 millj. kr. á árinu 2014. Bygging hjúkrunarheimilis heyrir til B hluta.

Fjárfestingarverkefni tengd deiliskipulagi og gatnagerð nema 20 millj. kr. en á móti er gert ráð fyrir 21 millj. kr. tekjum af gatnagerðargjöldum sem tengist að stærstum hluta byggingu á nýju hjúkrunarheimili. Aðrar fjárfestingar nema um 71 millj. kr. Þar af eru helstu verkefni m.a. vegna endurnýjunar á starfsleyfi fyrir sorpurðunarsvæði 15 millj. kr. og 10 millj. hlutdeild í kostnaði við bílastæði við Menntaskólann, 8 millj. er varið til áhaldageymslu við íþróttamiðstöðina Egilsstöðum. Aðrar fjárfestingar samanstanda af mörgum smærri liðum.

Í B-hluta öðrum en hjúkrunarheimili er gert ráð fyrir fjárfestingum upp á 118 millj. kr. hjá HEF, 6,5 millj. kr. hjá Minjasafninu og 3,5 millj. kr. hjá Brunavörnum á Héraði.

Samantekið - A og B hluti

	Útkomuspá Skýr.	Áætlun 2013	Áætlun 2014	Þriggja ára áætlun		
				Áætlun 2015	Áætlun 2016	Áætlun 2017
Rekstrarreikningur						
Tekjur:						
Skatttekjur.....	1.627.451	1.719.215	1.787.788	1.862.150	1.918.015	
Framlög jöfnunarsjóðs.....	812.904	849.017	874.386	900.514	927.423	
Aðrar tekjur.....	830.668	845.494	953.096	972.297	1.021.980	
	<u>3.271.023</u>	<u>3.413.726</u>	<u>3.615.270</u>	<u>3.734.962</u>	<u>3.867.418</u>	
Gjöld:						
Laun og launatengd gjöld.....	1.508.998	1.571.372	1.617.533	1.666.047	1.716.017	
Annar rekstrarkostnaður.....	991.364	1.073.947	1.109.893	1.132.251	1.185.535	
Afskriftir.....	260.200	271.148	314.601	320.124	325.699	
	<u>2.760.562</u>	<u>2.916.467</u>	<u>3.042.026</u>	<u>3.118.422</u>	<u>3.227.251</u>	
Niðurstaða án fjármagnsliða	510.461	497.260	573.244	616.540	640.167	
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):						
Vaxtatekjur og aðrar fjármunatekjur.....	9.499	9.357	9.189	8.371	10.550	
Vaxtatekjur af kröfum á eigin fyrirtæki.....	0	0	(0)	0	(0)	
Vaxtagjöld og verðbætur.....	(463.265)	(406.534)	(470.583)	(443.097)	(426.029)	
Vaxtagjöld af skuldum við eigin fyrirtæki.....	(0)	(0)	(0)	(0)	(0)	
Gengismunur.....	0	0	0	0	0	
	<u>(453.766)</u>	<u>(397.177)</u>	<u>(461.394)</u>	<u>(434.726)</u>	<u>(415.479)</u>	
Rekstrarniðurstaða án framlaga.....	56.695	100.083	111.849	181.814	224.688	
Framlög frá eigin sjóðum.....	0	0	0	0	0	
Hlutdeild minnihluta í afkomu.....	0	0	0	0	0	
Hlutdeild í afkomu dótturfélaga.....	0	0	0	0	0	
Tekjuskattur.....	0	0	0	0	0	
Rekstrarniðurstaða.....	<u>56.695</u>	<u>100.083</u>	<u>111.849</u>	<u>181.814</u>	<u>224.688</u>	

Samantekið - A og B hluti

	Útkomuspá 2013	Áætlun 2014	Þriggja ára áætlun		
			Skýr.	Áætlun 2015	Áætlun 2016
Efnahagsreikningur					
Eignir					
Fastafjármunir:					
Varanlegir rekstrarfjármunir:					
Fasteignir	4.281.048	5.228.773	5.097.986	4.971.136	4.848.099
Veitukerfi, hafnarmannvirki og götur	2.181.777	2.244.247	2.291.019	2.295.909	2.365.924
Vélar, áhöld og tæki	22.665	22.976	22.990	20.554	17.775
Leigugeignir	587.148	546.302	505.456	464.610	423.764
	<u>7.072.637</u>	<u>8.042.297</u>	<u>7.917.451</u>	<u>7.752.209</u>	<u>7.655.562</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:					
Eignahlutir í félögum	203.379	205.185	215.685	225.685	275.685
Skatteign	81.573	81.573	81.573	81.573	81.573
Langtímakröfur	16.628	16.152	16.230	15.615	14.960
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki	0	0	0	0	0
	<u>301.580</u>	<u>302.910</u>	<u>313.488</u>	<u>322.873</u>	<u>372.218</u>
Fastafjármunir	7.374.218	8.345.208	8.230.938	8.075.082	8.027.781
Veltufjármunir:					
Birgðir	119	119	119	119	119
Skammtímakröfur:					
Óinnheimtar tekjur	97.949	97.949	97.949	97.949	97.949
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki	0	0	0	0	0
Aðrar skammtímakröfur	145.976	145.976	145.976	145.976	145.976
Næsta árs afborganir langtímakrafna	1.178	955	309	1.003	1.028
Næsta árs afb. langtímakr. á eigin fyrirtæki	0	0	0	0	0
Verðbréf	0	0	0	0	0
Handbært fé	93.614	126.101	119.136	152.523	182.604
Veltufjármunir	<u>338.836</u>	<u>371.099</u>	<u>363.489</u>	<u>397.570</u>	<u>427.676</u>
Eignir samtals	7.713.054	8.716.307	8.594.427	8.472.652	8.455.457

Samantekið - A og B hluti

	Útkomuspá 2013	Áætlun 2014	Þriggja ára áætlun		
			Skýr.	Áætlun 2015	Áætlun 2016
31. desember					
Eigið fé og skuldir					
Eiginfjárreikningar:					
Eigið fé.....	(21.763)	74.857	187.206	365.405	586.478
Hlutdeild minnihluta í eigin fé.....	4.731	0	0	0	0
	(17.032)	74.857	187.206	365.405	586.478
Skuldbindingar:					
Lífeyrisskuldbindingar.....	336.193	343.193	349.693	356.193	362.693
Tekjuskattskuldbinding.....	0	0	0	0	0
Aðrar skuldbindingar.....	14.598	14.598	14.598	14.598	14.598
	350.791	357.791	364.291	370.791	377.291
Langtímaskuldir:					
Skuldir við lánaðofnanir.....	5.342.969	6.298.339	6.059.056	5.763.494	5.545.444
Leiguskuldir.....	1.292.656	1.276.524	1.254.368	1.229.707	1.203.242
Skuldir við eigin fyrirtæki.....	0	0	0	0	0
	6.635.625	7.574.863	7.313.424	6.993.201	6.748.686
Skammtímaskuldir:					
Skuldir við lánaðofnanir.....	21.957 (92.793)	(92.793)	(92.793)	(92.793)	(92.793)
Reiknuð fjárbörf.....	1.177	688	1.119	756	1.161
Viðskiptaskuldir.....	0	0	0	0	0
Skuldir við eigin fyrirtæki.....	0	0	0	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda.....	371.346	446.285	464.178	476.078	473.943
Næsta árs afborganir leiguskulda.....	31.258	36.685	39.070	41.282	42.758
Næsta árs afb. langtímaskulda við eigin fyrirtæki.....	0	0	0	0	0
Aðrar skammtímaskuldir.....	317.933	317.933	317.933	317.933	317.933
	743.671	708.797	729.507	743.256	743.003
Skuldir og skuldbindingar samtals	7.730.087	8.641.451	8.407.222	8.107.248	7.868.980
Eigið fé og skuldir samtals	7.713.055	8.716.308	8.594.428	8.472.653	8.455.458
	-1	-1	-1	-1	-1

Samantekið - A og B hluti

	Útkomuspá Skýr.	Áætlun 2014	Þriggja ára áætlun		
			Áætlun 2015	Áætlun 2016	Áætlun 2017
Sjóðstremisýfirlit					
Rekstrarhreyfingar:					
Niðurstaða ársins.....	57.097	100.083	111.850	178.199	221.073
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:					
Reiknaðar afskriftir	260.200	271.148	314.601	320.124	325.699
Verðbætur og gengismunur	200.683	176.179	158.045	153.160	147.744
Hlutdeild minnihluta í afkomu	0	0	0	0	0
Hlutdeild í afkomu dótturfélaga	0	0	0	0	0
(Söluhagnaður) / tap rekstrarfjármuna	(2.000)	0	0	0	0
(Söluhagnaður) / tap eignarhluta	10.720	0	0	0	0
Tekjuskattur og aðrar breytingar	0	0	0	0	0
Framlög frá eigin sjóðum	0	0	0	0	0
Breyting á lífeyrisskuldbindingum	20.000	15.000	15.500	15.500	15.500
Veltufé frá rekstri (til rekstrar)	546.699	562.409	599.995	666.983	710.016
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:					
Birgðir, lækkun (hækkun)	0	0	0	0	0
Óinnheimtar tekjur, lækkun (hækkun)	0	0	0	0	0
Aðrar skammtímakr., lækkun (hækkun)	0	0	0	0	0
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)	0	0	0	0	0
Afborganir lífeyrisskuldbindinga	(7.700)	(8.000)	(9.000)	(9.000)	(9.000)
Breytingar á rekstrart. eignum og skuldum	(7.700)	(8.000)	(9.000)	(9.000)	(9.000)
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)	538.999	554.409	590.995	657.983	701.016
Fjárfestingarhreyfingar:					
Fjárfesting í varanl. rekstrarfjármunum.....	(755.260)	(1.240.808)	(189.754)	(154.882)	(229.052)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna.....	10.000	0	0	0	0
Eignahlutir í félögum, breyting.....	1.400	(10.000)	(10.000)	(10.000)	(50.000)
Langtímakröfur, breyting.....	1.156	1.196	967	313	1.015
Langtímakröfur við eigin fyrirtæki, breyting.....	0	0	0	0	0
Skammtímakröfur, breyting.....	0	0	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar	(742.704)	(1.249.612)	(198.787)	(164.569)	(278.037)
Fjármögnunarhreyfingar:					
Framlög frá eigin fyrirtækjum.....	0	0	0	0	0
Breyting á hlutafé.....	0	0	0	0	0
Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting.....	0	0	0	0	0
Tekin ný langtímalán.....	671.250	1.254.750	90.000	50.000	130.000
Afborganir langtímalána.....	(394.799)	(411.821)	(489.604)	(509.665)	(523.303)
Langtímask. við eigin fyrirtæki, breyting.....	0	0	0	0	0
Skammtímalán, breyting.....	(32.659)	(114.750)	0	0	0
Fjármögnunarhreyfingar	243.792	728.179	(399.604)	(459.665)	(393.303)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	40.087	32.977	(7.396)	33.749	29.677
Handbært fé (fjárbörf) í ársbyrjun	52.349	92.436	125.413	118.017	151.766
Handbært fé (fjárbörf) í árslok	92.436	125.413	118.017	151.766	181.443

Samkvæmt fjögurra ára áætlun							Sérstök áætlun								
Rekstrargreining															
	Rauntölur 2012	Áætlun 2013	Áætlun 2014	Áætlun 2015	Áætlun 2016	Áætlun 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022	Áætlun 2023	Áætlun 2024	Áætlun 2025	Áætlun 2026
Rekstrartekjur	3.034.068	3.271.023	3.413.726	3.615.270	3.734.962	3.867.418	3.964.103	4.063.206	4.164.786	4.268.906	4.375.628	4.485.019	4.597.144	4.712.073	4.829.875
Rekstrargjöld															
Laun og launatengd gjöld	1.419.157	1.508.998	1.571.372	1.617.533	1.666.047	1.716.017	1.758.917	1.802.890	1.847.963	1.894.162	1.941.516	1.990.054	2.039.805	2.090.800	2.143.070
Annar rekstrarkostnaður	858.151	991.364	1.073.947	1.109.893	1.132.251	1.185.535	1.215.174	1.245.553	1.276.692	1.308.609	1.341.324	1.374.857	1.409.229	1.444.459	1.480.571
	2.277.308	2.500.363	2.645.319	2.727.425	2.798.298	2.901.552	2.974.091	3.048.443	3.124.654	3.202.771	3.282.840	3.364.911	3.449.034	3.535.259	3.623.641
Framlegð	756.760	770.661	768.408	887.844	936.663	965.866	990.012	1.014.763	1.040.132	1.066.135	1.092.788	1.120.108	1.148.111	1.176.814	1.206.234
Afskriftir	(253.741)	(260.200)	(271.148)	(314.601)	(320.124)	(325.699)	(325.699)	(323.469)	(323.469)	(323.469)	(323.469)	(323.469)	(323.469)	(323.469)	(323.469)
Fjármagnslíðir															
Verðbætur og gengismunur	0	(200.683)	(176.179)	(158.045)	(153.160)	(147.744)	(168.717)	(164.487)	(160.362)	(156.504)	(152.241)	(148.123)	(144.091)	(142.758)	(143.264)
Greiddir vextir	(512.031)	(253.084)	(220.998)	(303.349)	(281.566)	(267.735)	(299.884)	(292.364)	(285.179)	(277.871)	(270.328)	(262.992)	(258.164)	(257.420)	(259.704)
Tekjuskattur	545	0	0	0	0	0									
Rekstramiðurstaða	(8.467)	56.695	100.083	111.849	181.814	224.688	195.713	234.443	271.122	308.292	346.751	385.524	422.387	453.167	479.797
Lykiltölur:															
EBITDA framlegð.....	24,9%	23,6%	22,5%	24,6%	25,1%	25,0%	25,0%	25,0%	25,0%	25,0%	25,0%	25,0%	25,0%	25,0%	25,0%
Rekstrarjöfnuður í millj. kr. (þrjú ár).....		148.310	268.627	393.746	518.351	602.214	654.843	701.278	813.857	926.165	1.040.567	1.154.662	1.261.079	1.355.351	
Efnahagsgreining															
Fastafjármunir	6.897.299	7.374.218	8.345.208	8.230.938	8.075.082	8.027.781	7.864.538	7.723.700	7.593.049	7.484.581	7.396.112	7.327.643	7.374.174	7.500.705	7.627.237
Veitufjármunir	300.042	338.836	371.099	363.489	397.570	427.676	436.450	445.211	469.934	471.303	474.498	476.740	484.828	489.882	552.689
Samtals eignir:	7.197.341	7.713.054	8.716.307	8.594.427	8.472.652	8.455.457	8.300.988	8.168.912	8.062.983	7.955.884	7.870.610	7.804.383	7.859.002	7.990.587	8.179.926
Eigið fé	(78.860)	(21.763)	74.857	187.206	365.405	586.478	782.191	1.016.634	1.287.756	1.596.048	1.942.798	2.328.323	2.750.710	3.203.877	3.683.674
Skuldbindingar	338.491	350.791	357.791	364.291	370.791	377.291	377.291	377.291	377.291	377.291	377.291	377.291	377.291	377.291	377.291
Langtímaskuldir	6.150.565	6.635.625	7.574.863	7.313.424	6.993.201	6.748.686	6.579.483	6.414.463	6.260.154	6.089.652	5.924.906	5.763.635	5.710.317	5.730.556	5.811.844
Skammtímaskuldir	782.414	743.671	708.797	729.507	743.256	743.003	743.003	743.003	743.003	743.003	743.003	743.003	743.003	743.003	743.003
Samtals eigið fé og skuldir	7.192.610	7.708.324	8.716.308	8.594.428	8.472.653	8.455.458	8.481.968	8.551.390	8.668.204	8.805.993	8.987.998	9.212.251	9.581.321	10.054.727	10.615.812
Lykiltölur:															
Skuldir og skuldbindingar / Framlegð.....	9,6	10,0	11,2	9,5	8,7	8,1	7,8	7,4	7,1	6,8	6,4	6,1	5,9	5,8	5,7
Skuldir / heildartekjur.....	239,7%	236,3%	253,1%	232,5%	217,1%	203,5%	194,2%	185,4%	177,2%	168,9%	161,0%	153,5%	148,6%	145,4%	143,5%
Skuldaviðmið.....	239,7%	231,6%	220,6%	202,4%	188,4%	176,4%	168,4%	160,9%	153,9%	146,7%	139,9%	133,4%	129,5%	127,3%	126,3%
Sjóðstreymisgreining															
Veltufé frá rekstri	514.518	546.699	562.409	599.995	666.983	710.016	677.867	685.387	692.572	699.880	707.423	714.759	719.587	720.331	718.047
Aðrar rekstrarhreyfingar	(2.259)	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar	(193.527)	(742.704)	(1.249.612)	(198.787)	(164.569)	(278.037)	(162.456)	(182.631)	(192.818)	(215.000)	(235.000)	(255.000)	(370.000)	(450.000)	(450.000)
Afborganir lána	(406.896)	(394.799)	(411.821)	(489.604)	(509.665)	(523.303)	(506.637)	(493.995)	(475.032)	(483.510)	(469.228)	(457.516)	(341.499)	(265.277)	(205.239)
Fjármögnunarhreyfingar	(26.300)	630.891	1.132.000	81.000	41.000	121.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Greiðslujöfnuður hvers árs	(114.464)	40.087	32.977	(7.396)	33.749	29.677	8.774	8.761	24.722	1.370	3.195	2.242	8.088	5.054	62.807
Lykiltölur:															
Veltufé frá rekstri / afborgun lána.....	1,3	1,4	1,4	1,2	1,3	1,4	1,3	1,4	1,5	1,4	1,5	1,6	2,1	2,7	3,5

Málaflokkayfirlit - samanburður milli ára													
	Rauntölur 2012	Breyting 2012-2013		Útkomuspá 2013	Breyting 2013-2014		Áætlun 2014	Þriggja ára áætlun					
		%			%			Breyting 2014-2015	Áætlun 2015	Breyting 2015-2016	Áætlun 2016	Breyting 2016-2017	Áætlun 2017
Aðalsjóður													
00 - Skatttekjur.....	2.287.759	5,8%		2.420.491	5,3%		2.547.976	3,7%	2.641.412	3,8%	2.741.383	3,0%	2.823.624
02 - Félagsþjónusta.....	(325.695)	7,0%	(348.424)	10,6%	(385.217)			3,0%	(396.637)	2,9%	(408.256)	2,9%	(420.216)
03 - Heilbrigðismál.....	0	0,0%	0	0,0%	0		0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	0
04 - Fræðslu- og uppeldismál.....	(1.220.437)	10,8%	(1.352.380)	3,8%	(1.403.313)			2,8%	(1.442.493)	2,8%	(1.482.778)	2,8%	(1.524.200)
05 - Menningarmál.....	(92.215)	12,4%	(103.635)	12,9%	(117.031)	(5,1%	(111.015)	2,6%	(113.906)	2,6%	(116.871)
06 - Æskulýðs- og íþróttamál.....	(204.809)	8,5%	(222.135)	3,6%	(230.069)			2,7%	(236.212)	2,7%	(242.521)	2,7%	(248.999)
07 - Brunamál og almannavarnir.....	(26.694)	19,3%	(31.850)	10,1%	(35.077)			2,5%	(35.954)	2,5%	(36.853)	2,5%	(37.774)
08 - Hreinlætismál.....	(29.604)	(11,9%)	(26.083)	13,5%	(29.609)			2,6%	(30.368)	2,6%	(31.146)	2,6%	(31.945)
09 - Skipulags- og byggingamál.....	(17.935)	(11,4%)	(15.882)	22,8%	(19.509)			2,8%	(20.063)	2,8%	(20.634)	2,8%	(21.221)
10 - Umferðar- og samgöngumál.....	(128.767)	27,0%	(163.574)	22,1%	(199.798)			2,5%	(204.829)	2,5%	(209.986)	2,5%	(215.274)
11- Umhverfismál.....	(40.834)	15,9%	(47.332)	(2,4%)	(46.195)			2,8%	(47.479)	2,8%	(48.798)	2,8%	(50.152)
13 - Atvinnumál.....	(42.191)	14,3%	(48.241)	11,2%	(53.649)			2,7%	(55.121)	2,7%	(56.631)	2,7%	(58.181)
20 - Framlög til B-hluta fyrirtækja.....	0	0,0%	0	0,0%	0		0	0,0%	(20.000)	2,5%	(20.500)	2,9%	(21.100)
21 - Sameiginlegur kostnaður.....	(154.224)	(0,7%)	(153.181)	3,6%	(158.721)	(0,4%	(158.026)	2,8%	(162.497)	2,8%	(167.095)
22 - Lífeyrisskuldbindingar.....	(55.871)	(64,2%)	(20.000)	38,5%	(27.700)			3,0%	(28.531)	3,0%	(29.387)	3,0%	(30.269)
27 - Övenjulegir liðir.....	0	0,0%	0	0,0%	0		0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	0
28 - Fjármagnsliðir.....	46.093	1,3%	46.704	(4,4%)	44.636	(10,8%	39.810	(13,2%)	34.561	(7,1%)	32.102
Aðalsjóður	(5.424)	1.108,0%	(65.522)	72,9%	(113.276)	(6,9%	(105.506)	(16,6%)	(87.947)	(0,4%)	(87.571)
Aðrir sjóðir í A - hluta													
Eignasjóður.....	(11.869)	(883,4%)	92.982	71,7%	159.637			27,5%	203.517	18,9%	241.925	14,6%	277.156
Þjónustumiðstöð.....	(7.003)	(100,8%)	59	0,0%	59			0,0%	59	0,0%	59	0,0%	59
Atvinnumálasjóður.....	7.962	(308,7%)	(16.613)	(109,8%)	1.631			54,5%	2.519	35,2%	3.407	(16,1%)	2.859
Fasteignafélag Fljótsdalshéraðs ehf.....	(18)	4.267,0%	(786)	(360,7%)	2.050			9,8%	2.251	10,3%	2.482	9,3%	2.713
Millifærslur A-hluta.....	0	0,0%	0	0,0%	0	(100,0%	0	0,0%	0	0,0%	0
A - hluti samtals	(16.352)	(161,9%)	10.121	395,0%	50.101			105,3%	102.840	55,5%	159.926	22,1%	195.217
Sjóðir í B - hluta													
Félagslegar íbúðir.....	(15.164)	(15,7%)	(12.788)	(14,8%)	(10.894)	(12,4%	(9.540)	(2,4%)	(9.312)	(2,6%)	(9.066)
HEF ehf.....	24.442	182,7%	69.104	(3,9%)	66.377			4,1%	69.121	10,3%	76.226	6,4%	81.123
Brunavarnir á Héraði.....	(912)	19,6%	(1.091)	(133,3%)	364	(75,7%	88	(329,1%)	(202)	(24,5%)	(153)
Minjasafn Austurlands.....	(3.516)	126,0%	(7.945)	(113,0%)	1.030			11,9%	1.152	9,0%	1.256	8,3%	1.360
Hjúkrunarheimili.....	0	0,0%	(10)	220,3%	(32)			138.376,8%	(43.790)	(4,6%)	(41.792)	(5,2%)	(39.639)
Dvalarheimili aldraðra.....	1.952	(115,1%)	(295)	2.230,7%	(6.864)			16,9%	(8.023)	(1,5%)	(7.903)	(1,7%)	(7.768)
Millifærslur AB-hluta.....	400	(200,6%)	(402)	(100,0%)	(0)			0,0%	(0)	#####	3.615	0,0%	3.615
A og B hluti samtals	(9.150)	(719,6%)	56.695	76,5%	100.083			11,8%	111.849	62,6%	181.814	23,6%	224.688

	Rauntölur	Útkomuspá	Áætlun	Áætlun	Áætlun	Áætlun	Viðmið
	2012	2013	2014	2015	2016	2017	
Rekstrarhæfi							
Framlegðarhlutfall.....	24,9%	23,6%	22,5%	24,6%	25,1%	25,0%	< 15%
Rekstrarniðurstaða (neikvæð).....	-9.150	56.695	100.083	111.849	181.814	224.688	< 0
Rekstrarjöfnuður þriggja ára skv. sveitarstjórnarlögum.....			147.627	268.627	393.746	518.351	< 0
Efnahagur							
Veltufjárhlutfall.....	0,38	0,46	0,52	0,50	0,53	0,58	< 1,00
Eiginfjárhlutfall.....	-1,1%	-0,3%	0,9%	2,2%	4,3%	6,9%	< 0,00
Fjárfesting							
Fjárfesting / heildartekjur.....	7,4%	23,1%	36,3%	5,2%	4,1%	5,9%	< 20%
